



Reykjavík 30. desember 2022

Niðurstaða athugunar á aðgreiningu gjalda hjá Rapyd Europe hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf í nóvember 2021 athugun á framkvæmd við aðgreiningu gjalda hjá Rapyd Europe hf. (Rapyd eða félagið).

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort félagið uppfyllti þær skyldur sem hvíla á færsluhirðum skv. 1. og 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/751 frá 29. apríl 2015 um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur, sem fékk lagagildi hér á landi með gildistöku laga nr. 31/2019 (reglugerðin). Óskað var eftir upplýsingum um hvernig félagið uppfylli framangreind ákvæði um aðgreiningu gjalda. Þá var jafnframt óskað eftir afriti af fyrstu tíu uppgjörum og tilboðum til viðtakenda greiðslna á árinu 2021 hjá félaginu. Niðurstaða lá fyrir í október 2022.

Miðað við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar frá Rapyd var niðurstaða fjármálaeftirlitsins að á þeim tíma sem athugunin náði til hafi Rapyd brotið gegn 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar með því að félagið hafi einungis rætt það munnlega við viðtakendur greiðslna um hvort þeir vilji fá gjöldin sundurliðuð en í 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar kemur fram að hver færsluhirðir skuli, að því varðar viðtakendur greiðslna, bjóða og innheimta þjónustugjöld viðtakenda greiðslna aðgreint fyrir hvern flokk og mismunandi vörumerki greiðslukorta með mismunandi milligjöld nema viðtakandi greiðslna óski skriflega eftir því við færsluhirðinn að hann innheimti þjónustugjöld söluaðila í sameiginlegum pakka.

Í svari félagsins hinn 31. ágúst 2022 kom fram að félagið hafi farið í breytingar hvað varðar tilboðsgerð sem fela í sér að nú haki söluaðilinn við viðeigandi valkost þegar hann óskar eftir tilboði, þ.e. hvort hann kjósi að fá gjöldin í sameiginlegan pakka eða sundurliðuð. Það er mat fjármálaeftirlitsins að það sé hægt að líta á að haka í viðeigandi box sem ígildi skriflegar beiðni um hvort viðtakandi greiðslna kjósi sundurliðun gjalda eða í sameiginlegum pakka og samræmist því ákvæðum 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar.

Einnig var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að sú framkvæmd að setja einhliða skilmála um innheimtu gjalda án aðgreiningar í samning hafi falið í sér brot gegn 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar þar sem sérstaklega er kveðið á um að gjöld skuli vera sundurliðuð í samningum færsluhirða við viðtakendur greiðslna, nema skrifleg ósk berist um annað.